
Til ferðaskrifstofa vegna nýrrar löggjafar á sviði ferðamála.

Þann 12. júní síðastliðinn voru samþykkt á Alþingi tvenn ný lög á sviði ferðamála, lög um Ferðamálastofu nr. [96/2018](#) og lög um pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun nr. [95/2018](#) Bæði lögín taka gildi 1. janúar 2019 og um leið falla úr gildi lög um skipan ferðamála og lög um alferðir.

Um töluverðar breytingar er að ræða á starfsumhverfi ferðaskrifstofa. Því er mikilvægt að forsvarsmenn og starfsmenn ferðaskrifstofa kynni sér nýja löggjöf vel og öðlist góðan skilning á þeim hugtökum sem þar eru notuð. Ferðaskrifstofur er hvattar til að kynna sér breytingarnar og aðlaga sig að breyttum aðstæðum tímanlega.

Lög um Ferðamálastofu

Helstu breytingar sem gerðar eru lúta að leyfismálum, skyldu til að gera öryggisáætlanir og álagningu dagsekta.

Leyfismál

Leyfin verða áfram tvenns konar; [ferðaskrifstofuleyfi](#) og leyfi sem [ferðasali dagsferða](#). Bókunarþjónustur leggjast af.

Seljendur [pakkaferða](#), þ.e. [skipuleggjendur](#), [smásalar](#) og þeir sem hafa milligöngu um [samtengda ferðatilhögun](#), verða leyfisskyldir sem ferðaskrifstofur og [tryggingarskyldir](#) skv. lögum um pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun

Tekin verða upp ný auðkenni ferðaskrifstofa og leyfisbréf verða einungis gefin út rafrænt. Eldri auðkenni falla úr gildi. Ferðaskrifstofur fá send ný auðkenni ásamt rafrænum leyfisbréfum. Starfsemi er einungis heimil undir þeim heitum sem skráð eru á leyfisbréf og eru leyfishafar hvattir til að fara yfir hvort að öll heiti sem þeir nota eru skráð á leyfisbréf.

Öryggisáætlanir

Öllum sem framkvæma eða hyggjast framkvæma [skipulagðar ferðir](#) innan íslensks yfirráðasvæðis verður, frá 1. janúar 2019, skylt að hafa skriflegar öryggisáætlanir, á íslensku og ensku, fyrir hverja tegund ferða. Óheimilt verður að bjóða ferð til sölu eða kynna á nokkurn hátt ef öryggisáætlun liggur ekki fyrir.

Ferðaþjónustuaðilar bera ábyrgð á að öryggisáætlanir séu fullnægjandi og uppfærðar reglulega. Bent er á heimasíðu [Vakans](#) varðandi leiðbeiningar um gerð öryggisáætlana.

Lög um pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun

Með lögnum er tilskipun ESB um pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun nr. 2015/2302 innleidd í íslenskan rétt.

Pakkaferð

Hugtakið pakkaferð er endurskilgreint og útvíkkað, margar samsetningar ferða sem í dag teljast ekki pakkaferðir munu falla undir það. Mikilvægt er að ferðaskrifstofur kynni sér vel hina nýju skilgreiningu á pakkaferð, sjá [hér](#).

Samtengd ferðatilhögun

Nýmæli er svokölluð samtengd ferðatilhögun sem verður til þegar seljandi hefur milligöngu um að keypt er viðbótarþjónusta af öðrum seljanda. Nauðsynlegt er að ferðaskrifstofur kynni sér vel hvað átt er við með samtengdri ferðatilhögun, sjá [hér](#).

Tryggingar vegna sölu pakkaferða og samtengdrar ferðatilhögunar

Sala pakkaferða og samtengdrar ferðatilhögunar er tryggingarskyld. Ferðaskrifstofum, sem láta aðra selja pakkaferðir fyrir sig, ber að upplýsa Ferðamálastofu um hvaða aðilar (smásalar) það eru sem selja ferðirnar. Smásalar eru tryggingarskyldir vegna sölu pakkaferða.

Helstu breytingar á fyrirkomulagi trygginganna er að ferðaskrifstofur geta, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, sótt um tímabundna lækkun tryggingarfjárhæðar skv. rökstuddri beiðni. Jafnframt verður ferðaskrifstofum skylt að tilkynna Ferðamálastofu ef fyrirsjáanlegt er að tryggingarskyld umsvif verði umtalsvert meiri á yfirstandandi ári en framlögð gögn gáfu til kynna. Kveðið verður á um útreikning og framkvæmd tryggingaákvæða í reglugerð sem sett verður.

Upplýsingaskylda

Í lögum er lögð rík upplýsingaskylda á seljendur pakkaferða fyrir samningsgerð, í samningi um pakkaferð og áður en pakkaferð hefst. Brot á upplýsingaskyldu getur leitt til aukinna réttinda ferðamanna t.d. vegna viðbótarkostnaðar eða breytinga á ferð.

Breytingar á samningi um pakkaferð fyrir brottför

Ferðamanni er heimilt að framselja samning um pakkaferð fyrri brottför, innan hæfilegs frests. Ennfremur eru heimildir ferðamanna til að segja sig frá samning rýmkaðar verulega og að sama skapi eru heimildir ferðaskrifstofa til breytinga á samningi um pakkaferð og verðbreytinga þrengdar og lögð á þá skylda um að tilkynna allar breytingar tafarlaust. Heimildir ferðaskrifstofa til að aflýsa ferð eru skilgreindar nákvæmlega.

Ábyrgð á framkvæmd ferða

Skipuleggjandi og smásali bera sameiginlega og hvor í sínu lagi ábyrgð á þeirri þjónustu sem er hluti af pakkaferð, ferðamenn geta snúið sér til hvors aðila um sig bregði eitthvað útaf. Skyldur þessara aðila til úrbóta og heimflutnings ferðamanna í tilfelli verulegra vanefnda eru skýrðar. Að sama skapi er skerpt á vanefndaúrræðum ferðamanna og heimildum til riftunar samninga.

Samtengd ferðatilhögun

Seljandi sem hefur milligöngu um samtengda ferðatilhögun skal veita ferðamanni staðlaðar upplýsingar um að hann njóti ekki þeirra réttinda sem gilda um pakkaferðir og jafnframt að hann njóti tryggingarverndar.



Annað

[Seljandi](#) ber ábyrgð á hvers konar [skekjum og tæknilegum vanköntum](#) í bókunarkerfi og bókunarferlum. Hann ber hins vegar ekki ábyrgð á skekkjum sem rekja má til ferðamannsins eða óvenjulegra og óviðráðanlegra aðstæðna.

Sé [skipuleggjandi](#) með staðfestu utan EES svæðisins ber smásali skyldur skipuleggjanda vegna [framkvæmda pakkaferða](#) og [tryggingar](#) nema hann sýni sérstaklega framá að skipuleggjandi fullnægi þeim.

Aukin viðurlög

Nýmæli er heimild Ferðamálastofu til að leggja á [dagsektir](#) ef ekki er farið að fyrirmælum stofnunarinnar á grundvelli ofangreindra laga. Dagsektir geta numið frá 50 þús. kr. til 500 þús. kr. á dag.

Ítarlegri upplýsingar um lagabreytingarnar er að finna á [heimasíðu Ferðamálastofu](#).

Akureyri 2. ágúst 2018

Starfsfólk Ferðamálastofu
Stjórnsýslusvið - leyfisveitingar

